

Erindisbréf

Starfshópur um Helliggerði.

Hlutverk:

Meginverkefni starfshóps er að fara yfiendurskoða Umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar sem samþykkt var í bæjarstjórn 13. mars 2013. Á bæjarstjórnarfundi þann 18. janúar 2017 var lögð fram eftirfarandi tillaga:

Tillaga frá fulltrúum Samfylkingar og Vinstri grænna liggur fyrir fundinum. "Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fara í endurskoðun á Umhverfis og auðlindastefnu Hafnarfjarðar og meta árangur sem náðst hefur af henni frá samþykkt hennar." "Einnig samþykkir bæjarstjórn Hafnarfjarðar að fara í markvissa vinnu í samstarfi við Landvernd og Höfn í Hornafirði við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 3 % á ári, draga úr matarsóun og minnka umferð plastpoka og plast í sveitarfélaginu."

Afgreiðsla bæjarstjórnar var:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir með 10 samhljóða atvæðum að fara í endurskoðun á Umhverfis og auðlindastefnu Hafnarfjarðar og meta árangur sem náðst hefur af henni frá samþykkt hennar. Málinu er vísað til afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Þá samþykkir bæjarstjórn Hafnarfjarðar með 10 samhljóða atkvæðum að vísa til umhverfis- og framkvæmdaráðs til umfjöllunar tillögu um að fara í markvissa vinnu í samstarfi við Landvernd og Höfn í Hornafirði við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 3 % á ári, draga úr matarsóun og minnka umferð plastpoka og plast í sveitarfélaginu.

Starfshópurinn skal haga vinnu sinni í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar hér að ofan.

Verkefnastjórn starfar í umboði umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Skipulag:

Verkefnastjórnin skal funda að jafnaði á tveggja vikna fresti, greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hennar. Fundargerðir verkefnastjórnar skal senda bæjarráði til staðfestingar. Jafnframt skulu fundargerðir sendar Fjölskylduráði og umhverfis- og framkvæmdaráði til kynningar.

Fulltrúar í verkefnastjórn:

Umhverfis- og framkvæmdaráð hefur skipað eftirtalda í verkefnastjórnina:

Aðalmenn:

Kristinn Andersen
Helga Björg Arnardóttir formaður
Davíð Arnar Stefánsson

Starfsmenn verkefnastjórnar:

Með starfshópnum munu starfa fyrir hönd umhverfis- og skipulagsþjónustu Berglind Guðmundsdóttir, landslagsarkitekt og umhverfisfulltrúi. Ráðgjafi hópsins verður Vala Jónsdóttir, umhverfisverkfræðingur

Starfstími verkefnastjórnar og hámarksfjöldi funda

Gert er ráð fyrir 6 fundum og að starfshópur ljúki störfum eigi síðar en 1. júní 2017.

Samþykkt erindisbréfs:

Erindisbréf þetta var samþykkt í umhverfis- og framkvæmdarráði 8. mars 2017.